

Hjólhýsi til sölu.

Tilboð óskast í hjólhýsi árg. 1979.
Hýsið er staðsett við Bergholt, Mývatnssveit.
Nánari upplýsingar gefur Hákon í síma 894 4142
eða á netfangið hakon.pall@simnet.is



Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

30. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 20. ágúst 2014

Afmælisbörn dagana 21. ágúst — 27. ágúst 2014

24. Gísli Árnason.
25. Gunnar Ingi Stefánsson, Kristján Stefánsson.
26. Guðveig Guðmundsdóttir, Ísak Sigurðsson.



Skólasetning.

Skólasetning Reykjahliðarskóla
verður föstudaginn 22. ágúst kl. 10:00.

Eftir setningu verða nemendur í skólanum til kl. 12:30, þá verður hádegismatur og síðan keyra skólabílar akstursnemendum heim.
Við gerum ráð fyrir að foreldrar verði í skólanum fram undir kl. 11:00.
Nemendur eru beðnir að koma með skólatöskur.
Innkaupalistar eru komnir á heimasíðuna.

Skólastjóri



SAFNAKVÖLD Í ÞINGEYJARSÝSLUM

22. ágúst

Fjölbreytt söfn og sýningar bjóða heim

Opið á eftirtöldum stöðum frá 20-22, frítt inn á öll söfnin:

Gamli barnaskólinn, Skógum

Mjólkurbilstjóra og landpósta í Fnjóskadal minnst, heitt á könnunni.

Grenjaðarstaður í Aðaldal

Hið geðþekka Heilsutrío leikur af sinni alkunnu snilld á Hlöðuloftinu, allir velkomnir meðan húsrúm leyfir, tónleikarnir hefjast kl. 21:00.

Samgönguminjasafnið á Ystafelli

Myndasýning þar sem stiklað er á samgöngusögu Þingeyjarsýslna, sýning hefst kl. 20:30

Þverá í Laxárdal

Einstakt tækifæri til að heimsækja gamla bæinn í kvöldrökkrunu.

Bókasafnið á Húsavík

Bóksvar /LIB Quiz með Hrólfi kl 20:00, spurningakeppni með bókmenntalegu ívafi.

Fræðasetur um forystufé

Ólafur Dýrmondsson ráðunautur ræðir um Ásgeir Jónsson frá Gottorp og söfnun hans á sögum um forystufé, kl. 20:00.

Gljúfrastofa

„Hlutverk Asbyrgis sem menningarstaðar“, ljósmyndir og skriflegar frásagnir.

Hvalasafnið á Húsavík

Luckyhymnist leikur fyrir gesti kl. 20:00. Ljósmyndasýning frá uppbyggingu Hvalasafnsins að Hafnarstétt 1. Heitt á könnunni.

Könnunarsögusafnið

Landkönnuðir, geimfarar og pólfarar, leiðsögn um sýninguna kl. 21:00.

Minjasafnið á Mánárbakka

Hafliði Jósteins flytur gamanmál og Nonni Rósu þenur nikkuna. Kaffi og með því.

Safnahúsið á Húsavík

Allar sýningar opnar. Hvalreki er heillandi ný listsýning á 3. hæð, listamaðurinn Sonia Levy tekur á móti gestum og segir frá tilurð sýningarinnar.

Sauðaneshús á Langanesi

Menningarsöguleg sýning í elsta steinhúsi í Þingeyjarsýslum. Myndlistarsýning Gullu Sigurðardóttur.

Snartarstaðir Byggðasafn Norður-Þingeyinga

Inga Arnar ræðir um þróun og merkingu skúfholksins á íslenskum kvenskotthúfum, kl. 20:30.

Verið velkomin